

Þriðjudaginn 27. maí 1958.

Nr. 25/1958. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

**Sveini Adolf Sigurjónssyni**

(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.**

Brot gegn 142. gr. hegningarlaga. Bifreiða- og umferðarlagabrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Theódór S. Georgsson, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum héraðsdóms, og er hegðun ákærða færð þar til rétttra refsíakvæða, sbr. 77. gr. laga nr. 19/1940. Þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öllu leyti, enda kemur svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 eigi til álita í skilorðsdómi, sbr. 8. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.800.00 til hvors.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinn Adolf Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar og Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1.800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. nóvember 1957.**

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Sveini Adólf Sigurjónssyni bifreiðastjóra, Boðaslóð 1 í Vestmannaeyjum, með ákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 19. febrúar 1957 „fyrir að hafa miðvikudaginn 14. nóvember s.l. um kl. 14.00 eigi sýnt nægilega aðgæzlu, er hann ók vörubifreiðinni V 182 norður Skólaveg og inn í gatnamót Hásteinsvegar svo og fyrir að hafa eigi virt umferðarrétt bifreiðarinnar R 8220, sem ekið var eftir Hásteinsvegi, ákærða á vinstri hönd, með þeim afleiðingum, að nefndar bifreiðar lentu í árekstri á fyrrgreindum gatnamótum. Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Enn fremur er mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir að hafa haft tvo farþega hjá sér í stýrishúsi bifreiðarinnar, er fyrrnefndur árekstur átti sér stað, þau Hallgrím Þorgrímsson og Oddnýju Benónýsdóttur, svo og fyrir að hafa laugardaginn 15. desember s.l., um kl. 24.00, ekið með tvo farþega í stýrishúsi oftnefndrar bifreiðar frá Samkomuhúsi Vestmannaeyja að verkstæði Haraldar Eiríkssonar h/f. Þetta telst varða við 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.

Loks er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa fengið Hallgrím Þorgrímsson til þess að skýra ranglega frá því fyrir rétti, að einungis einn farþegi hafi verið í bifreiðinni V 182, er áður nefndur bifreiðaárekstur átti sér stað svo og fyrir að hafa reynt að fá Oddnýju Benónýsdóttur til þess að skýra frá á sömu lund fyrir rétti. Telst þetta varða við 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 annars vegar og hins vegar við sömu ákvæði, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.“

Ákærast því framangreindur Sveinn Adólf Sigurjónsson til að sæta refsingu samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, 14. gr. laga nr. 24/1941 og 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. sbr. 2. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. apríl 1934 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt öðrum kærnum og refsingum en 150 kr. sekt 7/2 1955 fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 14. nóvember 1956 kl. 16.00 var lögreglunni í

Vestmannaeyjum tilkynnt, að bifreiðarárekstur hefði þá nýskeð orðið á gatnamótum Hásteinsvegs og Skólavegs milli bifreiðanna V 182 og R 8220. Vörubifreiðin V 182 hafði komið akandi niður Skólaveg, en sendiferðabifreiðin R 8220 hafði komið akandi frá vinstri og ætlaði inn á Skólaveg. Ákærði Sveinn Adólf Sigurjónsson, sem ók bifreiðinni V 182, nam ekki staðar við nefnt horn fyrr en of seint með þeim afleiðingum, að R 8220 rakst á pallinn á V 182.

Við yfirheyrslur út af nefndum árekstri skýrði ákærði svo frá, að einn farþegi, Hallgrímur Þorgrímsson, hefði verið í stýris-húsi bifreiðarinnar hjá ákærða, er áreksturinn varð, en samkvæmt skoðunarbók bifreiðarinnar V 182 má hún flytja einn farþega hjá öikumanni. Hallgrímur bar það og fyrst, að einungis þeir tveir, ákærði og hann, hefðu verið í húsi bifreiðarinnar. Hins vegar upplýstist, að stúlkan Oddný Benónýsdóttir hefði einnig verið inni í bifreiðinni hjá ákærða og Hallgrími, er áreksturinn varð. Hallgrímur Þorgrímsson, sem hafði mætt sem vitni í málinu, viðurkenndi þá, að ákærði hefði fengið sig til að bera rangt um þetta atriði fyrir réttinum, og stúlkan Oddný Benónýsdóttir bar það einnig, að ákærði hefði beðið sig að segja fyrir réttinum, að hún hefði ekki verið í bifreiðinni, er áreksturinn varð.

Vitnið Sveinn Ármann Valtýsson ber, að það hafi komið akandi í bifreiðinni R 8220 austur Hásteinsveg. Vitnið ók með um 10 km. hraða að gatnamótum Hásteinsvegs og Skólavegs og kveðst hafa ekið meira á vinstri helmingi götunnar. Þegar vitnið kom að gatnamótunum, ók vörubifreiðin V 182 þvert fyrir bifreið vitnisins. Vitnið hemlaði strax, en V 182 var þá svo nálægt bifreið vitnisins, að hún rakst undir pallinn á V 182 fyrir framan vinstra afturhjól. Við áreksturinn belgdist framhögghlíf á R 8220, enn fremur rimlarnir fyrir ofan högghlífina svo og vélarhúshlífina og hægra aurbretti. Einnig brotnaði hægra framljós. Að sögn vitnisins voru auk ákærða tveir farþegar í húsi bifreiðarinnar.

Vitnið Hallgrímur Þorgrímsson, sem var í bifreiðinni með ákærða, bar fyrst fyrir réttinum, að aðrir hefðu ekki verið í bifreiðinni en vitnið og ákærði. Síðar breytti vitnið framburði sínum og kvað Oddnýju Benónýsdóttur einnig hafa verið í stýris-húsi bifreiðarinnar. Kveður vitnið ákærða hafa beðið sig að segja, ef vitnið yrði yfirheyrt vegna ákeyrslunnar, að stúlkan hefði ekki verið með þeim í bifreiðinni.

Vitnið Oddný Benónýsdóttir ber, að það hafi setið inn í húsi bifreiðarinnar hjá ákærða og Hallgrími, er áreksturinn varð. Bif-

reiðin ók hægt niður Skólaveg, en er hún kom að gatnamótum Skólavegs og Hásteinsvegs, kveðst vitnið allt í einu hafa fundið, að bifreiðin varð fyrir þungu höggi, og tók þá eftir því, að bifreiðin R 8220 hafði ekið á pallinn vinstra megin á V 182. Vitnið segir ákærða strax hafa hemlað, en segir, að sér hafi virzt koma fát á ákærða og rann bifreiðin aðeins áfram, áður en hún nam alveg staðar. Nokkrum dögum eftir áreksturinn kom ákærði til vitnisins og bað það að bera það, yrði vitnið kallað fyrir rétt vegna árekstursins, að vitnið hefði ekki verið í bifreiðinni, er áreksturinn varð.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi komið akandi á vörubifreiðinni V 182 niður Skólaveg og telur, að hann hafi ekið með um 15—20 km hraða á klst. Hann kveðst hafa ekið vel á vinstra helmingi götunnar eða um  $\frac{1}{2}$ —1 m frá gangstéttarbrún. Þegar ákærði kom að gatnamótum Skólavegs og Hásteinsvegs, kveðst hann hafa litið til vinstri áður en hann ók áfram, en sá enga bifreið koma eftir Hásteinsvegi. Ákærði var kominn um hálfu bíllengd fram fyrir hornið, er hann tók eftir bifreiðinni R 8220, sem kom akandi af Hásteinsvegi, og nam þá strax staðar, en þrátt fyrir það rakst bifreiðin R 8220 á vinstra afturhjóla V 182. Ákærði skýrði frá því í fyrstu, að ekki hefðu aðrir verið í bifreiðinni en hann og vitnið Hallgrímur Þorgrímsson. Við síðari yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa skýrt rangt frá áður fyrir réttinum varðandi farþegafjöldann í húsi bifreiðarinnar. Skýrði ákærði nú svo frá, að Oddný Benónýsdóttir hafi verið í húsi bifreiðarinnar, er áreksturinn varð. Ákærði kveðst hafa tekið stúlkuna upp í bifreiðina annaðhvort á Miðstræti eða Vestmannabraut, en Hallgrímur var þá í bifreiðinni hjá ákærða. Ók ákærði síðan upp Kirkjuveg og um Hvítungaveg inn á Skólaveg. Ákærði hefur neitað því að hafa beðið Oddnýju og Hallgrím að bera rangt fyrir réttinum, en kveðst einungis hafa beðið þau að skýra rétt frá, yrðu þau yfirheyrð í máli þessu.

Laugardaginn 15. desember 1956 stöðvaði lögreglan bifreið ákærða á Urðavegi og var hann þá með tvo farþega í stýrishúsi bifreiðarinnar og hafði ekið þeim frá Samkomuhúsi Vestmannaeyja eftir Kirkjuvegi og að verkstæði Haraldar Eiríkssonar h/f við Urðaveg.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi með framangreindum akstri sínum og með því að hafa tvo farþega í húsi bifreiðarinnar gerzt

brotlegur við 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 3. mgr. 4. gr., og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þegar þau atriði eru virt, að tvö vitni hafa borið, að ákærði hafi beðið þau að bera fyrir réttinum, að Oddný Benónýsdóttir hafi ekki verið í bifreiðinni og að ákærði hélt því fyrst sjálfur fram, að stúlkan hafi ekki verið í bifreiðinni, verður að telja, þrátt fyrir neitun ákærða, að nægileg sönnun sé komin fram fyrir því, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hvetja Hallgrím Þorgrímsson til að bera rangt fyrir rétti og við sömu ákvæði sbr. 1. mgr. 20. gr. með því að reyna að fá Oddnýju Benónýsdóttur til að gera slíkt hið sama.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Með tilliti til ungs aldurs ákærða og góðrar hegðunar hans undanfarið þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli frestað og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ekki þykir nóg ástæða til að svipta ákærða réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, 1. mgr. 39. gr. sbr. 2. mgr. 20. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Atferli Hallgríms Þorgrímssonar hefur verið afgreitt sérstaklega.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Adólf Sigurjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.